

Ólafur Örn Pétursson og Rannveig Þórhallsdóttir ásamt hundinum Bjarti við hús sitt á Seyðisfirði. Þau eiga með fleirum jörðina Skálanes utar í firðinum þar sem vísindi, væntumþykja og virðing leika lausum hala.



Þau lifa draum sinn við ysta haf

Þau **Rannveig og Óli í Skálanesi** við Seyðisfjörð eru kraftmikil hjón. Þau reka ferðaþjónustu, búskap og rannsóknir. Framleiða gæðasængur. Stunda þýðingar og ritstörf. Rannsóknir fyrir menningarleg söfn. Um eitt hundrað útlendingar koma til þeirra á hverju ári til dvalar um lengri eða skemmri tíma.

TEXTI: STEINUNN ÁSMUNSDÓTTIR MYNDIR: STEINUNN ÁSMUNSDÓTTIR OG ÓLAFUR ÖRN PÉTURSSON

Í hinum mikla menningar- og athafnabæ Seyðisfirði austanvert á Íslandi stendur háreist gamalt hús og teygir sig til himins líkt og bæjarfjallið að baki þess. Í húsinu búa ung og vörpuleg hjón, þau Rannveig Þórhallsdóttir og Ólafur Örn Pétursson með 5, 7 og 14 ára gömul börn og virðulegan labradorhund.

Það er óhætt að segja að þau hafi með framsýni, dugnaði og töluverðri djörfung rennt stöðum undir eigin afkomu og byggt hana á gildum sem þeim eru dýrmæt í leik og starfi.

Rannveig og Óli eiga í félagi við fleiri jörðina Skálanes, sem liggur á ysta annesi austanvert í Seyðisfirði, um 15 km frá kaupstaðnum. Í Skálanesi hafa þau sl. 7 ár rekið náttúru- og menningarsetur, þar sem tvinnast saman ferðaþjónusta, rannsóknir á náttúru og menningu og umhverfisvernd. Auk þessa stofnaði Rannveig og rekur fyrirtækið Sagnabrunn, sem annast þýðingar, ritstjórn, útgáfu, verkefnastjórn, ráðgjöf og varðveislu munnlegra sögulegra heimilda.

„Ég hafði áhuga á Skálanesi löngu áður en við keyptum jörðina, enda kallast staðurinn í mörgu tilliti á við Oddsstaði á Melrakkaslétu, þar sem ég á mínar rætur,“ segir Óli. „Á Oddsstöðum hefur verið æðarvarp kynslóðum saman og ég hafði séð slíkt fyrir mér í Skálanesi, enda var reki og mikið fuglalíf líkt og á Oddsstöðum.“

Þegar jörðin var nokkuð óvænt auglýst til sölu árið 2005 höfðu Rannveig og Óli hraðar hendur, söfnuðu liði og keyptu hana. Hann var þá nýtskrifaður landfræðingur, með lokaritgerð upp á vasann um mismunandi útfærslur á þjóðgörðum á heimsvísu, hreindýraleiðsögumaður og reyndur í ferðaþjónustu innanlands sem utan.

„Ég var þarna nýbúinn í Háskólanum og hafði verið langánægðastur með þá kúrsa sem buðu upp á vettvangsferðir og rannsóknir. Ég hugsaði því að við gætum, auk æðarvarps og ferðaþjónustu, tekið á móti rannsóknahópum sem gerðu eitthvað svipad. Í náminu hafði ég orðið þess áskynja að mjög hallar á Austurland, a.m.k. í samamburði við suðvesturhornið, hvað varðar

magn og gæði gagna er tengjast náttúrufræði og umhverfi okkar í fjórðungnum. Að breyta því skiptir afskaplega miklu máli ef við ætlum að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um umhverfi okkar eða hreinlega gera okkur grein fyrir hvað við höfum í hendi sem við gætum í framtíðinni nýtt sem auðlind.“

Í Skálanesi hafa verið sett fram hugmyndafræði, vinnulag og reglur í rannsóknavinnu. Rannveig og Óli völdu þá leið að einkafriðlýsa Skálaneslandið (Family Run Nature Reserve), og hafa eigin umhverfisstefnu og rannsóknáætlun. Sjálfbærni er leiðarhnoð í Skálanesi og nú er svo komið að Óli hefur nokkrar áhyggjur af því hversu staðurinn krefst mikils, svo sem fæðu og eldsneytis, sbr. að verið er að fljúga með um eitt hundrað manns á ári erlendis frá til að dvelja um lengri eða skemmri tíma.

„Við erum að leggja drög að því að setja upp markvissan landbúnað nærri húsunum, sem getur skilað einhverju inn í staðinn sem virkilega skiptir máli.“

Öft hef ég fengið þakkarbréf frá fólki sem segir að eftir að það var hjá okkur hafi það fengið ástríðu fyrir náminu sínu og einkunnir orðið það góðar að fengist hafi námsstyrkir til að fara í masters- eða doktorsnám.

Dugnaður í Skálanesi

Ferðapjónusta: Matur, gisting og ferðir.

Smábúskapur.

Umhverfismál og rannsóknir.

Skógrækt.

Dúntekjur af æðarvarpi.

Framleiðsla á gæðasængum.

Almennar þýðingar.

Ritstörf.

Þýðingar á tollalöggjöf ESB.

FÁ ÁSTRÍÐU FYRIR NÁMI

Óli segist oft fá til sín nema í t.d. líffræði, dýrfræði og vistfræði sem hafi verið flinkir í raungreinum í menntaskóla og því ákveðið að taka þessi fög í framhaldsnámi. Flestir virðist þeir nálgast fag sitt með e.k. raunvísindanaumhyggju og kunni verklagið vel, en skorti hins vegar stundum ástríðu fyrir viðfangsefnum sínum og hefðu því alveg eins getað farið í önnur fög.

„Ég vildi búa til deiglu fyrir þessa krakka þar sem enginn væri að predika yfir þeim, þeir hittu fyrir mismunandi aðila, sjónarmið og fagsvið, yrðu fyrir alls kyns áhrifum og röðuðu upp á nýtt. Oft hef ég fengið þakkarbréf frá fólki sem segir að eftir að það var hjá okkur hafi það fengið ástríðu fyrir náminu sínu og einkunnir orðið það góðar að fengist hafi námsstyrkir til að fara í masters- eða doktorsnám. Ég er ekki að þakka mér þetta, heldur er Skálanes hinn fullkomni staður til að vekja þessi áhrif.“



Æðarfugl í Skálaneslandi.



Í Skálanes kemur fræðafólk á öllum aldri hvaðanæva úr heiminum til að leggja stund á þekkingarleit.

Skálanes er tilraunakenndur staður sem taka á breytingum í stefnu og sjónarmiðum eftir því sem fram vindur. Fólkið sem kemur á staðinn er afar fjölbreytilegt og með mismunandi bakgrunn, en allir leggja eitt-hvað til málanna og skilja eftir uppbyggileg áhrif. Þarna kemur fólk til að safna gögnum og ljúka mastersritgerðum, vísinda-, tónlistar- og myndlistarfólk, frægt fólk og ófrægt.

Fyrir tveimur árum voru sjö manns að hlaða torfi í millivegg á lóðinni við húsin og taldist Óla til að í hópnum væri ríflega hundrað ára námstími á háskólastigi. Einn var frá Skotlandi og dundaði við að senda Karli Bretaprins vini sínum sms milli þess sem hann lagði torf í vegginn. Þá hafa erlendir ferðalangar stigið þarna sín fyrstu skref utan skilgreindra göngustíga úr steypu eða malbiki, nefnilega í æðarvarpi Skálaness.

„Upplýsingaflæðið sem allt þetta fólk skapar er gríðarlegt,“ segir Óli og líkir þessu við að vera á stöðugri fagráðstefnu í vinnunni. „Við getum þróað þetta stanslaust. En Skálanes er ekki sjálfboda- né góðgerðarsamtök, vegna þess að skattalega gengur það bara ekki upp. Ég þarf að rukka



Það er vistlegt í Skálanesstofu.



Skálanes hvílir á ysta annesi og þar eru litbrigði jarðar og himins margvísleg.

fólk fyrir mat, gistingu og ferðir. Við erum því með blöndu af ferðapjónustu, smábúskap, umhverfismál og rannsóknir. Við ræktum líka skóg í Skálanesi og kannski verðum við einhvern tíma sjálfbær með við. Dúntekjan gerir okkur svo kleift að selja gæðasængur undir Skálanesvörumerkinu út um allan heim.“

SKAPAÐI NÝJA ATVINNUGREIN

Rannveig er gangandi hugmyndabanki og þau eru ófá samfélagslegu uppbyggingarverkefni sem hún hefur komið að. Hún er virk í austfirskri heimildasöfnun og tímaritaútgáfu, hefur stjórnað og tengst austfirskum söfnum og menningartengdum alþjóðlegum og innlendum verkefnum. Hún skrifaði fyrir nokkrum árum lífssögu Önnu Mörtu Guðmundsdóttur á Hesteyri í Mjóafirði, Ég hef nú sjaldan verið algild, sem vakti mikla athygli. Bókin, sem er gefin út af Hólum, fékk metsölu og Rannveig segir það hafa verið afar ánægjulegt en að sama skapi þori hún varla að skrifa aðra bók og hafi enn ekki fundið jafnmagnað viðfangsefni og Önnu heitna. Rannveig er þó með aðra bók í smíðum fyrir Hóla, sem byggist á sögnum frá Seyðisfirði og er væntanleg til útgáfu á næsta ári.

„Þýðingarnar eru þó drygstar enda mest upp úr þeim að hafa.“ Segja má að Rannveig og hópur þýðenda á Austurlandi, sem tók sameiginlega ákvörðun um að taka þátt í útboði, hafi skapað nýja atvinnugrein á svæðinu með því að ná samningum við Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins um þýðingu á tollalöggjöf Evrópusambandsins.

„Stuðningur Vaxtarsamnings Austurlands, sem gerði okkur kleift að þjálfa okkur upp í ákveðinni færni, skipti miklu um framkvæmd verkefnisins. Velgengni þess vil

Fyrirtækið Sagnabrunnur varð til í kringum eitt stafrænt upptökutæki og hugmyndina um að Rannveig gæti unnið með orð í Skálanesi. „Nú legg ég stund á þýðingar, ritstörf, varðveiti gamlar frásagnir og er með nokkuð af fólki í vinnu við ýmis verkefni,“ segir Rannveig.

ég fyrst og fremst þakka frábæru samstarfsfólki. Ég tel að styrkur góðra og traustra samstarfsaðila hafi lyft grettistaki enda hlýtur það ætíð að vera styrkur að vinna saman í stað þess að einyrkjar vinni hver í sínu horni að svipuðum verkefnum. Við erum nú sex að vinna að þýðingunum og lögðum hart að okkur til að verða samkeppnishæf. Við gerum ráð fyrir að minnsta kosti þriggja ára samstarfi við Þýðingamiðstöðina. Þýðingarnar hafa gengið vel og ég geri ráð fyrir að bæta við fólki í vor. Þetta er því orðin stór atvinnugrein, í það minnsta fyrir okkur sem að þessu komum.“

LIFA DRAUM SINN

Um það hvort þau Rannveig og Óli séu að búa til eftirbreytniverðan míkrókosmos í Skálanesi segja þau svo ekki endilega vera, en hugsanlega gæti svæðið orðið innblástur fyrir fleiri þegar tímar líða. Þau séu fjölmörg íslensku annesin sem svona mætti nýta. Á einhverjum tímapunkti verði staðurinn kannski nógu stöndugur af upplýsingum og praktískri nálgun til að verða áhugaverður á landsvísu, Norður-Atlantshafsvísu eða víðar. Óli segir þetta módel ekki að finna á mörgum öðrum stöðum í heiminum, ekki að það sé eitthvað merki-

legra en annað, en hann hafi hitt margt fólk með innsýn í fjölda málaflokka sem segi Skálanes sérstakt í samsetningu á viðfangsefnum, stefnu og rekstrarfyrirkomulagi.

„Við höfum valið okkur þessa nálgun á sjálfbærni og náttúruvernd og munum örugglega ganga lengra í þeim efnum eftir því sem tímar líða,“ segir Rannveig. „Við þurfum að hafa börnin hér í skólanum og erum í bili betur sett inni í bænum á vetrum, en sjáum fyrir okkur að fara meira út í Skálanes í framtíðinni. Það má segja að við lifum draumsýn okkar.“ **SKÝ**

2. TBL. 2012

SKÝ



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is

TAKTU SKÝ HEIM

SVERRIR PÁLL
LEIKUR PONTUS
Í WALLANDER

.....

Fimm þekktir
Svarfdælingar

.....

LAXNESS Á SVIÐI OG TJALDI

VERD 850 KR.

ISSN 1608-9723



9 771608 972006

EYGLÓ SVALA ARNARSDÓTTIR: SKÝJUM OFAR Í HIMALAJA